

2001560 Húsnæði stjórnsýslunnar

Starfshópur um húsnæði stjórnsýslunnar

2. fundur, haldinn 30. október í bæjarráðssalnum Ráðhúsinu Strandgötu 6, kl. 11:00

Mætt:

Starfshópur:

Ágúst Bjarni Garðarsson, formaður

Kristinn Andersen

Lovísa Traustadóttir

Sigrún Sverrirsdóttir

Starfsmenn:

Rósa Guðbjartsdóttir, bærarstjóri

Sigríður Kristinsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusvið

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Fjarverandi:

Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir

Formaður setti fundinn og bauð Sigrúnu velkomna í hópinn en á fundi bæjarráðs 22. október sl. var samþykkt að Sigrún tæki sæti Öddu Maríu í hópnum.

Því næst fór formaður yfir breytta tímaáætlun sem bæjarráð samþykkti á fundi sínum 22. október sl.

Á síðasta fundi hópsins var ákveðið að skoða húsnæði stjórnsýslunnar á Strandgötu (þ.m.t. Linnetsstígur) og Norðurhellu. Ekki var unnt að koma því við vegna sóttvarnareglna vegna Covid19.

Sigríður og Sigurður kynntu á fundinum húsnæði stjórnsýslunnar staðsetningar starfsemi á hverjum stað, farið yfir teikningar o.s.frv.

Rósa fór yfir samskipti við forsvarsmenn Fjarðar vegna erindis sem kom frá þeim um hugsanlegt samstarf í húsnæðismálum.



HAFNARFJÖRÐUR

Hópurinn telur nauðsynlegt að fá álit sviðsstjóra á húsnæði stjórnsýslunnar. Samþykkt bréf sem sent yrði sviðsstjórum. Lögð áhersla á að svör þeirra þyrftu að liggja fyrir sem fyrst og fyrir næsta fund hópsins.

Formaður lagði fram og fór yfir tímaáætlun og er hópurinn nú í fasa 1a.

Ákveðið að leita tilboða um vinnu utankomandi aðila við samtekt á hugmyndum um þarfagreiningu og húsrýmisáætlunar.

Fundi slitið kl. 12:00

Fundargerð samþykkt í tölvupósti.